

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs**

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 29. nóv. 2012. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir og Svandís Ingimundardóttir. Finnur Friðriksson og Gunnhildur Helgadóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fjarfundinn í HA á Akureyri. Björg Bjarnadóttir boðaði forföll og ekki náðist að boða varamann fyrir fundinn.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 14:00. Gunnhildur Helgadóttir var ritari fundar. Fundarmenn byrjuðu á að kynna sig þar sem ekki höfðu allir hist áður og síðan voru eftirfarandi fundarliðir ræddir:

### **1) Vaxtasprotaráðstefnan**

Sigurjón upplýsti fundarmenn um Vaxtasprotaráðstefnuna sem haldin var 9.-10. nóv. Samtök áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóður stóðu að þessari ráðstefnu þar sem 50 verkefni sem hafa fengið styrk úr Sprotasjóði á árunum 2009-2012 voru kynnt. Sigurjón sagði að vel hefði tekist til og almenn ánægja hefði verið með ráðstefnuna. Uppi væri hugmynd um hvort endurtaka ætti slíka ráðstefna á nokkurra ára fresti. Sigurjón sagði að gert hefði verið ráð fyrir allt að einni milljón kr. í þessa ráðstefna, þátttökugjöld fyrir fyrirlesara og ferðakostnaður þeirra sem kæmu utan af landi, og taldi hann að kostnaðurinn yrði vel innan þeirra marka en ekki er kominn reikningur frá samtökunum.

### **2) Staða verkefna**

Umsýsluaðili fór yfir stöðu á verkefnum/samningum þ.e. hversu mörg verkefni væru komin fram yfir skiladag og hvernig gengi að innheimta þau. Umsýsluaðili fór einnig yfir breytingar sem fyrirtækið Stefna á Akureyri er að vinna á umsóknareyðublaðinu eftir forskrift stjórnar frá síðasta vori og er þeim að verða lokið.

### **3) Úthlutun Sprotasjóðs 2013-2014**

Umsýsluaðili lagði fram tillögu að tímalínu fyrir komandi úthlutunartímabil og var samþykkt að reyna eftir mætti að fylgja því plani. Sigurjón upplýsti fundarmenn um að áfram yrðu 45 milljónir til úthlutunar á næsta tímabili.

Umræða um áherslusvið næstu úthlutunar fór fram og þarf að leggja þau fyrir mennta- og menningarmálaráðherra áður en hægt er að auglýsa. Fundarmenn sögðu frá sínum hugmyndum varðandi áherslusvið. Ákveðið var að halda annan fjarfund 14. des. kl. 10:00 og þangað til fengu fundarmenn tíma til að þróa með sér námsmatsaðferðina og finna 1-2 önnur áherslusvið.

#### 4) Önnur mál

Tekin var upp umræðan um hvort endurtaka ætti Vaxtasprotaráðstefnuna. Fundarmönnum leist vel á þá hugmynd og töldu að hæfilegt væri að halda hana á þriggja ára fresti til að nógu mörg verkefni væru í boði til að kynna. Einnig spannst umræða um það hvort bæta ætti inn ákvæði um það í umsóknina að skilyrða kynningu á verkefni, sem fengi úthlutun, á einhvern hátt á opinberum vettvangi.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 15:40